

**S A M Þ Y K K T****fyrir Vatnsveitufélag Kirkjubæjarklausturs.****1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélag Kirkjubæjarklausturs.  
Heimili þess og varnarþing er í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

**2. gr.**

Tilgangur félagsins er að sjá hluthöfum fyrir neyzluvatni.

**3. gr.**

Stofnendur félagsins eru eftirtaldir aðilar, og greiða þeir stofngjald, sem hér segir:

|   |                |
|---|----------------|
| Sláturhús Sláturfélags Suðurlands ..... | kr. 105 000.00 |
| Útibú Kaupfélags Skaftfellinga .....    | — 45 000.00    |
| Heimavistarskólinn .....                | — 150 000.00   |
| Félagsheimilið Kirkjuhovoll .....       | — 30 000.00    |
| Prestssetrið .....                      | — 15 000.00    |
| Læknisbústaður .....                    | — 30 000.00    |
| Steinþór Jóhannsson .....               | — 15 000.00    |
| Jón Björnsson .....                     | — 15 000.00    |
| Dverghamar .....                        | — 15 000.00    |
| Hæðargarður .....                       | — 15 000.00    |

Stofngjald greiðist um leið og verkið hefst.

**4. gr.**

Félagið byggir vatnsveituna, og leggur eina æð að húsvegg hvers aðila.

**5. gr.**

Hver aðili á rétt á vatni til húsparfa og atvinnureksturs.

**6. gr.**

Skylt er að taka nýja ábúendur á vatnsveitusvæðinu (þ. e. ofan Skaftár frá Sláturhúsi að Skaftárbrú) í félagið, sé nægilegt vatnsmagn fyrir hendi og skal ný umsókn vera skrifleg. Nýr félagsmaður greiði sama stofngjald og eldri félagsmenn og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn frá því að hann gekk í félagið.

Félagsstjórn er þó heimilt að innheimta stofngjald nýrra aðila með álagi, ef verðlag hefur breytzt.

**7. gr.**

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum aðila í félaginu og greiðist hann í hlutfalli við upprunalegt stofngjald eftir því, sem þörf krefur.

Vatnsskatt má taka lögtaki, ef ekki er staðið í skilum.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

## 8. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagar og tveir stjórnarmenn krefjast þess.

## 9. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og einn til vara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enn fremur skulu kosnir tveir endurskoðendur til sama tíma.

## 10. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða bréflega með viku fyrirvara og skal formaður kveðja stjórnina saman til funda, boða félagsfundi og aðalfund. Aðalfundur er lögmatgur, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna mæta. Hafi aðalfundur fallið niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst næsti löglega boðaður aðalfundur lögmatgur, án tillits til fundarsóknar.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosin stjórn og endurskoðendur.

Færa skal gerðabók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni.

## 11. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli, dælustöð og leiðslum.

## 12. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu a. m. k.  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Kirkjubæjar-klausturs, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUR

### um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni.

## 1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 71 30. desember 1963, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

## 2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á, að notað hafi verið á dráttarvélar til búreksturs, skal endurgreiða innflutningsgjald það, sem um ræðir í 1. gr., þó þannig,